



Stöðvarstjóri

Laxar Fiskeldi ehf óskar eftir að ráða stöðvarstjóra á eldisstöð fyrirtækisins í Reyðarfirði.



Ábyrgðarsvið og helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á tæknilegum og daglegum rekstri stöðvarinnar
- Tryggir líffræðilegan grundvöll og fiskivelferð stöðvarinnar
- Skipuleggur, stjórnar og fylgir eftir eldisverkefnum og viðhaldi
- Tryggir innra eftirlit, gæða-, öryggis- og umhverfisstjórnun stöðvarinnar
- Ber ábyrgð á eldisrekstri og árangri
- Starfsmannahald og þjálfun starfsmanna
- Skýrslugerð og skráningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, helst í fiskeldisfræðum
- Reynsla af fiskeldi er kostur
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Frumkvæði og drifkraftur
- Skipulags- og samskipta hæfni

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2020. Umsókn sendist á gunnar@laxar.is eða starf@laxar.is ásamt ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Steinn Gunnarsson framleiðslustjóri matfiskeldis í síma 834-6666

Laxar eignarhaldsfélag ehf. er fiskeldisfyrirtæki sem framleiðir hágæða lax inná kröfuhörðustu markaði í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Fyrirtækið starfrækir þrjár seiðaeldisstöðvar í Ölfus. Sjókvíaeldi félagsins er í Reyðarfirði þar sem fyrirtækið hefur leyfi til að framleiða allt að 16.000 tonn af laxi.